

Sp.

66. Tillaga til þingsályktunar

[50. mál]

um að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að nægilegt efni í vinnuföt, vinnuvettlinga og hlífðarföt verði flutt til landsins.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að flutt verði til landsins efni í vinnufatnað, vinnuvettlinga og hlífðarföt í það ríkum mæli, að nægilegt sé til þess að hinar innlendu verksmiðjur, er framleiða þessar vörur, geti fullnægt eftirspurn.

Verði gjaldeyris- og innflutningsleyfi látin í té viðkomandi verðsmiðjum með svo löngum fyrirvara, að öruggt sé, að hinn stórfelldi skortur, sem nú er á þessari nauðsynjavöru, endurtaki sig ekki.

Greinargerð.

Frá því að núverandi skömmtunarkerfi var upp tekið á árinu 1947, hafa verið ýmsir annmarkar á því fyrir vinnandi menn og konur að afla sér nauðsynlegra vinnufata. Fyrst birtust þessir örðugleikar í því, að hinn ákveðni skammtur þessarar vöru nægði ekki. Þess vegna hreyfðu flutningsmenn þessarar tillögu því á haustþinginu 1947, að aukaskammtur yrði látinn í té á vinnufötum og vinnuskóm til verkafólks, og var orðið við þeirri ósk. Þrátt fyrir það hefur ástandið í þessum málum versnað að miklum mun, vegna þess að vinnufatnaður hefur ekki fengizt nema endrum og eins og er nú svo að segja ófáanlegur.

Slíkt sem þetta er með öllu óviðunandi og verður ekki varið með hugleiðingun um gjaldeyrisvandræði, því að ef þessi nauðsynjavara verður skorin eins við nögl framvegis sem verið hefur til þessa, eða sami háttur hefður á, þá er ekki annað sýnna en að þeir, sem afla gjaldeyrisins, verkalýðurinn til sjávar og sveita, verði að leggja niður störf sín sökum klæðleysis.